

Fundargerð 64. fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum, haldinn í stofu 303 hinn 22. október 2019, kl. 14:00-16:05.

Þessir fulltrúar sátu fundinn:

Laufey Skúladóttir, Jón Eðvald Friðriksson, Erla Björk Örnólfsdóttir, Stefán Óli Steingrímsson og Sjöfn Guðmundsdóttur sem bæði sátu fund í fjarfundi í Loftskeytastöðinni í Reykjavík.

Samþykkt dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Sjálfsmatsskýrsla HH.
3. Stefna háskólans til næstu ára.
4. Fjárhagsáætlun ársins 2020.
5. Önnur mál.

Sigríður Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt án athugasemda.
2. Sjálfsmatsskýrsla HH. Rektor kynnti sjálfsmatsskýrsluna, einkum kafla 8.3 þar sem kynntar eru áætlaðar aðgerðir á næstu mánuðum/árum. Framtíðarstefnumótun fyrir HH mun byggjast á þeim áformum. Matsnefndin mun hitta háskólaráðið 21. nóvember næstkomandi og mun hugsanlega spyrja um hvort og hvernig ráðið vinni út frá gögnum og þá hvaða gögnum.
3. Stefna háskólans til næstu ára. Óskað var eftir því við Sveitarfélagið Skagafjörð að það tilnefndi þrjá fulltrúa til setu í starfshóp með fulltrúum háskólaráðs, til að ræða framtíðarstefnu Háskólans á Hólum og þetta samtal háskólans og fulltrúa sveitarfélagsins. Tilnefndir voru: Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri, Ólafur Bjarni Haraldsson, frá Byggðalista og Gísli Sigurðsson, frá Sjálfstæðisflokki, varamenn Bjarni Jónsson, Vinstri Grænum, og Stefán Vagn Stefánsson, frá Framsóknarflokki. Rætt var hvernig best væri að haga vinnu hópsins. Rektor háskólans lagði fram hugmyndir um framtíðarsýn og möguleika háskólans sem m.a. byggði á stefnu deildanna og er góður grunnur að þeirri stefnumótun sem í hönd fer. Við stefnumótun þarf að horfa til nýsamþykkrar stefnu sem fram kemur í Nýsköpunarlandinu Ísland: nýsköpunarstefna fyrir Ísland og Sóknaráætlunar samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi á vestra enda felast mikilvæg sóknarfæri fyrir landshlutann í HH.
4. Fjárhagsáætlun ársins 2020. Fjárhagsáætlun næsta árs hefur verið send ráðuneytinu og var gert ráð fyrir 400 þús. kr. rekstrarafgangi. Í morgun lét Fjársýsla ríkisins vita um að samið hefði verið um launahækkanir starfsmanna í ákveðnum félögum BHM. Af þeim sökum verður að endurskoða rekstraráætlunina og verður hún kynnt á næsta fundi. Rætt var að háskólaráð ætti að fá oftár en einu sinni á ári upplýsingar um fjárhag skólans.

5. Önnur mál.

Húsnæðismál. Viðhald húsnæðis hefur verið ábótavant. Bæta þarf brunavarnir í nokkrum byggingum háskólans. Í aðalbyggingu háskólans hefur mygla mælst á nokkrum stöðum. Efla verkfræðistofa vann úrbótaáætlun fyrir aðalbyggingu háskólans og áætlaði kostnað upp á 200 millj. kr. Mikilvægi viðhalds á húsakosti háskólans rætt.

Fundi slitið.